

STAFRÆNT RÁÐ 22. APRÍL 2026: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samráð og þátttöku í þróun gervigreindarseturs – PON26040093

Lagt er til að þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi samráð við og taki þátt í þróun gervigreindarseturs með Vísindagörðum Háskóla Íslands.

Greinargerð:

Vísindagarðar Háskóla Íslands eru að vinna að uppsetningu Djúptækniseturs og önnur verkefni á þessu sviði. Almennarómur er einnig að vinna að sambærilegu verkefni. Gagnaverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs er hluti af mati á slíku verkefni og framtíðarþróun á sviði gervigreindar. Haft verði samband við Þóreyju Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands. Reykjavíkurborg á 5% eignarhlut í Vísindagörðum Háskóla Íslands og er með fulltrúa í stjórn og mikilvægt tækifæri að nýta þekkingu sem er að verða til hjá Vísindagörðum Háskóla Íslands hvað þetta varðar. Á grundvelli þessa verði gagnaverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs metið og þróað áfram.